



Endurskoðuð áætlun Íbúðalánasjóðs 2008

(um útlán, útgáfu íbúðabréfa og greiðslur)

Endurskoðuð áætlun útgáfa íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2008 til fjármögnunar nýrra útlána er 35 – 41 milljarðar króna, sem er lækkun um 14 - 16 milljarða frá fyrri tölum.

Íbúðalánasjóður áætlar að ný útlán sjóðsins verði á bilinu 49 – 55 milljarðar kr. á árinu 2008 sem er lækkun um 8 - 10 milljarða frá fyrri áætlun. Þar af er gert ráð fyrir að leiguíbúðalán verði áfram á bilinu 14 – 15 milljarðar króna.

Minnkandi umsvif á fasteignamarkaði er helsta ástæða þess að áætlun útlán Íbúðalánasjóðs dragast saman á árinu 2008.

Útboð Íbúðabréfa og útlán Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2008	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2008
Útgáfa Íbúðabréfa	0	14 - 16	11 - 13	10 - 12	35 - 41
Ný útlán Íbúðalánasjóðs	11	13 - 15	12 - 14	13 - 15	49 - 55

Tölur eru í milljörðum ISK.

Það skal tekið fram að nákvæmar tölur um útgáfu íbúðabréfa er ekki hægt að gefa. Þannig geta einstaka tölur í útboðum færst á milli ársfjórðunga og veltur það á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Íbúðalánasjóður áætlar að greiða lánadrottnum sínum á bilinu 44 - 52 milljarða króna árið 2008 og er stærstur hluti þeirra tilkominn vegna afborgana íbúðabréfa.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2008	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2008
Greiðslur Íbúðalánasjóðs	11 - 13	11 - 13	10 - 12	12 - 14	44 - 52

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á fasteigna- og íbúðalánamarkaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Íbúðalánasjóður endurskoðar áætlanir sínar ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefur.

